

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, nr. 1213/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:

Orðin „atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar“, falla brott úr upptalningu í 1. mgr.

Heiti kafla II í A-hluta verður: Skipulags- og umhverfissvið.

Kafla III í A-hluta fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. samþykktarinnar:

Á eftir 5. mgr. bætast við þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Byggðarráð fer með málefni atvinnulífs í sveitarfélaginu, utan landbúnaðarmála.

Byggðarráð fer með málefni bókasafna skv. bókasafnalögum nr. 150/2012, málefni safna, sbr. safnalög nr. 141/2011 og starfar sem stjórn Safnahúss Borgarbyggðar.

Byggðarráð fer með menningarmál í sveitarfélaginu ásamt málefnum félagsheimila, Hjálmakletts og menningarhátíða.

3. gr.

Síðasti málslíður 50. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs er staðgengill sveitarstjóra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 1.5 við samþykktina:

Heiti viðaukans verður: **Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.**

Í stað orðanna „sviðsstjóri fjármálasviðs“ í 1. mgr. 1. gr., 2. gr., 1. og 2. mgr. 3. gr., og 1. ml. 6. gr., komi í viðeigandi beygingarfalli: sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 1.7 við samþykktinni:

Heiti viðaukans verður: **Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.**

Í stað orðanna „sviðsstjóri stjórnsýslu“ í 1. mgr. 1. gr., 2. gr., 1. mgr. 3. gr., og 1. ml. 5. gr. komi í viðeigandi beygingarfalli: sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

6. gr.

Eftirfarandi breyting verður á upptalningu á viðaukum við samþykktina:

Heiti viðauka 1.5 verður: Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Heiti viðauka 1.7 verður: Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

7. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 20. október 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.